



# Heillaóskaskeyti vegna 40 ára afmælis Sjálfstæðisflokksins 1969

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Heillaóskaskeyti

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins


---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-40, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LANDSSÍMI



ÍSLANDS



# SÍMSKEYTI

frá Akureyri Nr. 55  
80/75orð 27 | 5 1969 kl. 14.15

Formaður Sjálfstæðisflokksins,  
Hr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra,  
Reykjavík.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundi fulltrúaráðs  
sjálfstæðisfélaganna á Akureyri í gær.  
Í tilefni 40 ára afmælis Sjálfstæðisflokksins  
sendum við þér hugheilar óskir og þakkir fyrir  
ötult starf í erfiðu forystuhlutverki. Minnumst  
jafnframt með þökk og virðingu tveggja látinna  
leiðtoga. Megi hið sígilda kjörorð flokksins:  
Stétt með stétt, mæta vaxandi skilningi  
uppvaxandi þegna þjóðfélagsins.

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna á Akureyri  
Marius Helgason, fundarstjóri.



FRA ÞINGVÖLLUM

# S I M S K E Y T I

FRÁ *Reykjavík* NR. 8894 26/24 ORD 27.5. 1969 KL. 14.13

*Sjálfstæðisflokkurinn,  
Galtafell v/Laufásveg,  
Reykjavík.*

*Megi flokkurinn jafnan vera forystuflokkurinn í  
landinu og vörður réttlætis í sérhverju máli.*

*Gísli Jónsson.*





FRA ÞINGVOLLUM

# S I M S K E Y T I

FRA *Reykjavík* NR. 9008 24/21 ORÐ 27.5 1969 KL.1734

*Dr. Bjarni Benediktsson,  
formaður Sjálfstæðisflokksins  
Háuhlíð 14  
Reykjavík.*

*Framsóknarflokkurinn óskar Sjálfstæðisflokknum til  
hamingju með 40 ára afmæli.*

*Olafur Jóhannesson, Helgi Bergs.*





FRA ÞINGVÖLLUM

# S I M S K E Y T I

FRA *Reykjavík* NR. 1028 19/17 ORD 27.5 1969 KL.1648

*Dr. Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.*

*Vér óskum yður innilega til hamingju með  
40 ára afmæli Sjálfstæðisflokksins.*

*Skozki Þjóðernisflokkurinn.*





FRA ÞINGVÖLLUM

# SIMSKEYTI

FRA *Sauðárkróki* NR. 87 14/13 ORD 27.5 1969 KL.1545

*Forsætisráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.*

*Hugheilar hamingjuóskir í tilefni  
Sjálftæðisflokksins.*

*Guðjón Sigurðsson, Kári Jónsson.*





FRA ÞINGVÖLLUM

# S I M S K E Y T I

FRA *Reykjavík* NR. 9126 36/35 ORD 27.5 1969 KL. 1912

*Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra  
Háuhlið 14  
Reykjavík.*

*A 40 ára afmæli flokks okkar sendum við beztu  
árnaðaróskir og við biðjum þess að guð megi  
ráða gengi flokksins, formanns hans og allrar  
þjóðarinnar.*

*Kristjana og Lúðvík Hjálmtýsson.*





FRA REYKJAVIK

# S I M S K E Y T I

FRÁ *Reykjavík* NR. 8869 26 ORD 27/5 19 69 KL. 1336

*Formaður Sjálfstæðisflokksins,  
dr. Bjarni Benediktsson,  
Háuhlíð 14,  
Reykjavík.*

*Mínar innilegustu hamingjuóskir með 40 ára afmæli  
Sjálfstæðisflokksins. Megi afmælisgjöf hans verða  
hreinn meirihluti við næstu kosningar.*

*Helgi Hallvarðsson.*





FRA ÞINGVÖLLUM

# S I M S K E Y T I

FRA *Reykjavík* NR. 9131 29/24 ORÐ 27.5 1969 KL. 1945

*Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins  
Reykjavík.*

*Arnum Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins allra heilla  
í tilefni af 40 ára afmæli flokksins. Heilir til  
baráttu fyrir hugsjónum sjálfstæðisstefnunnar.*

*Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins,  
Reykjaneskjördæmi.*





FRÁ ÞINGVÖLLUM

# S I M S K E Y T I

FRÁ *Reykjavík* NR. *6448* 33 ORD *24.5* 1969 KL. *7222*

*Herra forsætisráðherra,  
Bjarni Benediktsson  
Háuhlið 14  
Reykjavík.*

*Um leið og ég votta þér persónulega virðingu mína,  
óska ég flokki okkar, á þessum tímamótum, gæfu og  
gengis um ókomin ár.*

*Siguundur Þóðarson og fjölskylda.*

Tveim dögum síðar eða svo barst Matthíasi ritstjóra nafn-  
laus vísa á "Dagskrá Alþingis".

Viðreisnin er varanleg,  
þótt valdi hún nokkru þrasi.  
En allt fer það á annan veg  
með ástir á Matthíasi.



Í þingmannaveizlu Sjálfstæðisflokksins 1963.

Jón Pálmason:

Enn vill stakan ekkert þras,  
aðeins kvak og gleðimas.  
Frúrnar vaka og virða glas,  
en vilja ræka Matthías.

Matthías Johannessen:

Skeggið svart mun sanna þér:  
Sótt er á öllum miðum.  
Viðreisnin í verki er  
vöxtur á flestum sviðum.

Jón Pálmason:

Held ég frúrnar horfðu í vegg  
hirtu ekki um gleðimas,  
ef þið hefðuð allir skegg  
eins og skáldið Matthías.

Gunnar Thoroddsen:

Fjörugir eru í fasi  
þog fá sér dropa úr glasi.  
Viðreisnin vex úr grasi  
í vísu frá Matthíasi.



Góðir Sjálfstæðismenn!

Konur og karlar!

Byrjuð er nú langafasta eða sjöviknafasta og hafin síðasta vika Þorra. Heitin fasta og Þorri og síðvenjur þær, sem þeim eru tengdar, eru menjar eldri trúarbragða þjóðarinnar. Blótin, sem kennd eru við Þorra, eru úr heiðnum dómi, en föstur úr kaþólskum sið. Hvorttveggja hafði lagzt af, en barst síðar aftur til landsins í dálítið breyttri mynd og kom nú krók-leiðis um Kaupmannahöfn. Þorrablótin munu hafa verið endurvakin af Hafnarstúdentum um 1870, en hvenær þeir danskir og lágbýzskir föstusiðir, sem nú eru kenndir við bolludag, sprengi- og öskudag, bárust til landsins, er mér ókunnugt um. Allt eru þetta þó nú orðnir grónir íslenskir þjóðhættir og votta fordómaleysi Íslendinga í trúarefnum.

Annars er það svo með trú og þjóðtrú, að hvorttveggja er breytingum háð. Mjög hefur nú t.d. dofnað ljósadýrðin í Tungustapa, og sjaldséð gerast þau skötuhjúin Móri og Skotta. Sum hindurvitni þjóðtrúarinnar máttu gjarnan fyrnast, en fátækari verða þau börn, sem vaxa úr grasi án snertingar við álfheima og fagrar ljúflingasögur. Einn var þó háttur þjóðtrúarinnar, sem öllum var ósárt um að urrða sem fjarrst alfaraleið, en það var djöflatrúin með sínum hræðilegu galdrabrennum.

Að ég rifja hér upp þann ógeðþekka kapítula íslenskrar sögu, sem kenndur er við djöflatrú og galdrabrennur, styðst við tvenn rök. Í fyrsta lagi þau, að nú er fastan að hefjast, en tilgangur hennar var, að með því að neyta ekki kjöts, væru illir andar og púkar djöfulsins, sem tekið hefðu sér bólfestu í mönnum, sveltir úr líkómum þeirra.

Minnir þetta á gömlu djöflatrúna. Hin ástæðan og sú veigameiri er, að við þurfum að vera stöðugt á verði gegn því, að djöflatrúin, í óbeinni merkingu, verði ekki endurvakin. Þar sem ofstæki, hvort heldur er í stjórnmálum eða trúmálum, leikur lausum hala, þar er andi galdrabrennunnar á ferð.



Því miður höfum við nú síðustu vikurnar séð mjög ápreifanlegt dæmi um það, að hugarórar og ofstræki á borð við það, sem lýst er í píslarsögu Jóns Þumlas, virðist hafa altekið ritstjórn a.m.k. eins dagblaðsins í Reykjavík, og á ég þar við Tímann. Varla kemur svo út eintak af þessu blaði, að Þjóðin sé ekki frædd á því, að Bjarni Benediktsson, Gunnar Thoroddsen og ég höfum gengið í Svartaskóla Adolfs Hitlers og að í sálar-sprekum okkar lifi enn síðustu glæðurnar frá eldsvoðanum mikla í Berlín 1933.

Þeir, sem vilja ekki trúa þessu, ættu að lesa t.d. grein í Tímanum 29. jan. með fyrirsögninni: "Bjarninn frá eldinum", eða leiðara Þjóðviljans frá 31. jan., þar sem hlutdeild okkar þremminganna í Ríkisþinghúsbrunanum er nánar útlustuð.

Sömu menn telja okkur þó ekki hafa orðið fullnuma í kúnstum hinnar svörtu listar við fótiskör Hitlers meiatara, heldur á Bjarni að hafa tekið meiraprófið í Suður-Ameríkur hjá Evitu sálugu og Juan Peron og Batista nokkrum slæmum karli á Kúbu.

Um mína forfrömun og útdannesli má svo lesa í Tímanum í gær í grein, sem ber fyrirsögnina "Birgir Kjaran og "heilapvotturinn"". Þar er ég sagður stunda áróður, ég hef það orðrétt eftir, "sem minnti að ýmsu leyti á hinn svokallaða heilapvotta, sem nú er sagður viðgangast mikið hjá Kommúnistum í Kína, en hann er fólginnt í því, að beita allskonar fortölum til þess að fá menn til að játa villur og aðhyllast nýja trú". Er ég las þetta, dattu mér í hug orð Gröndals í Heljarslóðarorustu: "Þá hló kammer-ráðið fyrir vestan svo hátt, að hvalir hlupu á land í Trékyllisvík". Frómt frá sagt verð ég að játa, að ekki virðist vanþörf á, að fram færi heilapvottur eða andlegt þrifabað á Tímaheimlinu. Hins vegar verð ég að viðurkenna fákunnáttu mína í ræstingu þessa líffæris, enda næsta fáfróður um Kína og það, sem kínverskt er. Það er mér þó helzt í barnsminni, að lyf var eitt, sem átti að vera allra meina bót, og nefndist "Kínalífselexír", og væru reynandi nokkrar inntökur af þeim metal fyrir ritstjórakornin við Tímann, til þess að vita, hvort það slægi ekki eitthvað á pólitíska vindganginn.

Skrif eins og þau, er ég hefi hér tilfært, eru því miður ekki gaman-sagnir, heldur boðskapur ofsatrúarinnar, og íslenzku Þjóðlífi stafar í dag bein hætta af þessum eldtungum hatursins. Gegn slíku hugarfari þarf al-menningsálitið að rísa og einangra þá stjórnálamenn og flokka, sem hefja



vilja pólitískan dans í kringum hinn rauða loga djöflatrúar og galdra-  
brenna.

Í stjórnmalunum er ekki síður nauðsyn drengskapar og siðgæðis en  
á öðrum sviðum mannlífisins, og sem betur fer kann íslensk stjórnmalasaga  
frá mörgum slíkum viðbrögðum að greina. Nýlega las ég um eitt dæmi, sem  
einmitt dregur upp greinilega mynd af andstæðri siðfæði í stjórnmalum,  
á annan veg drengskapur og viðsýni, en á hinn bóginn ofstækið og þröng-  
sýnin.

Frásögnina er að finna í bók Guðbrandar Jónssonar: "Þjóðir, sem ég  
kynntist", og er hún á þessa leið:

"Fyrir allmörgum árum vorum við staddir saman þrír alþýðuflokks-  
menn, Ólafur Friðriksson, ritstj., ég og þriðji maðurinn, sem ég nefni  
ekki. Þá var nýkomin á markaðinn bók eftir kunnan sjálfstæðismann, og er  
bókin ágætisverk. Bókina bar í tal, og þriðji maðurinn sagði eitthvað á  
þessa leið: "Þetta er helvítis íhaldsdurgur, ég ætla að skrifa skammir um  
bókina". Þá segir Ólafur við hann: "Hefurðu lesið bókina?" "Nei, og ætla  
ekki að gera það", svaraði maðurinn. Þá svaraði Ólafur heldur höstuglega  
til hans: "Það á aldrei að stela ritheildri af neinum."

Það á aldrei að stela ritheildri af neinum, sagði Ólafur, Friðriks-  
son. Þessi erð gefa tilefni til þess að víkja nokkru að nýlegu og töluvert  
umpráttuðu ritverki, sem er bréf Bulganins og svarbréf það, er héðan hefur  
verið sent. Efni bréfsins verður hér ekki rakið, enda flestum kunnugt,  
heldur vikið smálega að annarri hlið málsins.

Það er enginn hversdagsviðburður, að erlendum þjóðhöfðingi, og það  
drottari stórveldis, sendi íslenskum tilskrif. Enda var því mjög fagnað  
í Tímanum, en þar segir föstudaginn 14. febr.: "Það eru sannarlega góð  
umskipti, að Bulganin forsetisráðherra Sovétríkjanna skuli hafa skrifað  
forráðamönnum ýmissa vestranna ríkja bréf." Af eðlilegum ástæðum mun í  
stjórnarherbúðunum hafa komið upp nokkrar kritur um það, hverjum ætti að  
hlotnast sú sæmd og virðing, að svara Bulganin. Sá úr stjórnarflokkunum,  
sem frægastur er bréfrítarinn og trúlega hefði því bezt verið til verksins  
fallinn, er Þórbergur Þórðarson, og hefði t.d. vel mátt notast við upphafið  
á "Bréfi til Láru" lítið breytt, sem inngang að Bulganings-svarinu, en það  
hljómar þannig: "Minn (mín) góði (góða) og skemmtilegi vinur (vinkona).



Gegnsýrður af heilögum innblæstri, sem blóðmörskeppur í blásteinslegi, titrandi af hamstola lyftingu, vaggandi af ómpýðum englaröddum, er til mín hljóma gegnum gengishrun og öreigahróp vorrar vesölu jarðar, tvíhendi ég pennastöngina þér til dýrðar." - - "Loks hlotnast þér blessun sú, sem þú hefur beðið - - alla æfi, andríkt sendibréf, ritlist snillingsins, vízka vitringsins, sýnir hugsjónamannsins, stórhugi stjórnámamannsins, átölur umbótamannsins, hugrekki hins hreinskilna, rödd hrópandans í eyðimörkinni. Amen." - Nú, en Þórbergi var ekki falið verkið, enda bréfið snöggum leiðinlegra fyrir bragðið. En hverjum var þá falið að svara Bulganin? Það er spurningin. Er það alveg víst, að Hermann hafi svarað bréfinu? Við skulum sjá, hvað blöðin segja um þetta, ef við lesum þau ofan í kjölinn.

Frjáls Þjóð segir 15. febr.: "Þetta bréf er sýnilega gert eftir forskrift frá Foster Dulles."

Þetta sannar ekkert til né frá, er aðeins getgáta.

Þjóðviljinn segir 9. febr.: "Bréf Hermanns geti eins verið samið af Guðmundi I. Guðmundssyni utanríkisráðherra."

Þarna tala þeir sem vita betur.

Og hvað segir svo Alþýðublaðið, málgað Guðmundar I.?

Í grein 16. febr. kemst Ben Gröndal þannig að orði: "Vegna þess, að menn, (takið eftir orðinu menn), sem ekki eru að skapi Bjarna Benediktssonar, gáfu með Bulganin-svarinu (takið eftir ekki nefnt svarbréf Hermanns) skelegga og skýra yfirlýsingu um utanríkisráðgjafi þjóðarinnar" o.s.frv.

Svarbréfið til Bulganings fer nú að verða all-furðulegt plagg. Það er sem sagt bréf, sem leitar síns höfundar. Og til þess að ekki sé nú ritheiðri af neinum stolið, setti ríkisstjórnin að taka af þjóðinni ómakið og framselja höfundinn, því að lágmarkskrafa almennings er að fá að vita, hverjir standa í alþjóðlegum bréfaskriftum fyrir þjóðarreikning.

Það hefur að undanförmu verið dimmt yfir íslenskum efnahags- og stjórnámum, en vor fylgir vetri, og úrslit bæjarstjórnarkosninganna sýna ótvíveðan vilja þjóðarinnar til þess að vilja fóta sig á föstu bergi, enda þykjast margir kenna fararsnið á herrunum í stjórnarstólunum. Daglega



heyrist varpað fram þessum spurningum: Fara kratar úr stjórn? Fara kommar úr stjórn? Hvað gerir framsókn? Það er ekki á mínu færi að spá neinu um það, og þó trúi ég, að það verði framsókn, sem mestu ráði um líf og dauða stjórnarinnar. Slíkt er eðli þess flokks. En eðli framsóknar er mjög svipað því, sem Jóhann Sigurjónsson lætur Höllu lýsa Birni hreppstjóra í Fjalla-Eyvindi. Hún segir: "Ég þekki valdaffikn þína. Þú vilt hafa hönd í bagga við hver einustu hrossakaup í sveitinni. Það á að vera af eintómri umhyggjusemi og náunganskærleika. Ég þekki þann kærleika! Deim, sem ekki vilja taka þínum ráðum, kemur þú á vonarvöl, ef þú sérst þér það fært." Það er spunnit af toga þessa hugarfars, sem Hermann Jónasson lýsir því yfir í útvarpi fyrir alþjóð, að úrslit kosninganna væru hagstæð fyrir framsóknarflokkinn, þegar fylgið hrynur af samatarfsflokkum hans. - - Ég yrði því ekkert undrandi, þótt viðskilnaður Hermanns og framsóknar við þessa stjórn yrði eitthvað ámóta og segir í gamalli barnasögu, sem flestir ykkar munu einhverntíma hafa lesið. En þar segir söguhetjan: "Sætabrauðsdrengur er ég, er ég. Ég hef hlaupið frá konu, og ég hef hlaupið frá manni. Ég hljóp frá sláttumönnunum og frá skjöldóttu kúnni. Og nú get ég hlaupið frá þér." Og þá er nú að vita, hvað skjöldótta kýrin og sláttumennirnir segja, þegar Hermann er hlaupinn. - Hver endalok sætabrauðsdrengsins sjálfs urðu, munið þið sjálfsagt. Hann brast sundur í miðjunni.

Þegar stjórnarliðar verða ýmist hlaupnir eða brostnir, verður íslenzku þjóðinni mikill vandi á höndum, en erfiðleikarnir efla manndóminn og íslensk þjóð hefur fram til þessa verið hverjum vanda vaxin, sem að höndum hefur borið. Og það er trú mín, að hún muni einnig að þessu sinni ganga ærulaus til fangbragða við torleystan vanda og sigrast á sínum erfiðleikum. Ég vona, að þegar því björgunarstarfi er lokið, geti íslensk alþýða, meðvitandi síns afreks, látið sér um munn fara jafn látlaus tignarorð og þórður á Látrum, er hann sagði, eftir að þeir Látramenn höfðu teflt lífi sínu í bráða hættu við björgun sex mannlífa: "Var þá ekki meira fyrir okkur að gera þarna. Kvöddust menn og hélt hver heim til sín."

Ég trúi því, að Sjálfstæðismenn, með aðstoð allra annarra góðra manna í landinu, geti leyst vanda þjóðarinnar, svo að menn geti kvaðzt og hver haldið öruggur til síns heimilis, þá væri vel farið.